

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12 – 14

105 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2019

Varðar áform um gerð minningarreits um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi

Allt frá því fyrir síðustu aldamót hafa verið uppi hugmyndir innan Oddfellowreglunnar á Íslandi um að viðhalda með einhverjum hætti minningu um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi. En spítalinn sem tók til starfa árið 1898 var gjöf dönsku Oddfellowreglunnar til íslensku þjóðarinnar. Bygging spítalans markaði með ýmsum hætti tímamót í íslenskri heilbrigðissögu og tókst á tæpum 80 árum að kveða holdsveikina niður, en síðasti sjúklingurinn andaðist árið 1979. Þau urðu örlög spítalabyggingarinnar, sem var talin stæsta timburhús á Íslandi, að brenna til grunna í apríl 1943. Í lok síðasta áratugar fyrri aldar var unnið deiliskipulag af Laugarnesi í því skipulagi, sem samþykkt var í borgarráði 12. september 2000, var gert ráð fyrir minningarsvæði um spítalann, enda hafði Oddfellowreglan áður gert skipulagsyfirvöldum grein fyrir hugmyndum sínum um slík svæði. Þótt deiliskipulag lægi fyrir varð málinu ekki framhaldið að hálfu Oddfellowreglunnar, sem beinti kröftum sínum að uppbyggingu líknardeildar í Kópavogi. Á árinu 2015 komst málið aftur til umræðu innan Reglunnar og þá tekin ákvörðun um að kanna hvaða möguleikar væru á því að gera minningarreit á svæðinu innan ramma deiliskipulagsins. Bréfitari hafði sett fram þá kenningu að í Laugarnesi mætti enn finna vegghleðslur undirstöðuveggja spítalans. Var leitað leyfa hjá Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafni til þess að gera fornleifarannsókn á svæðinu. Að fengnum viðeigandi leyfum fór fram fornleifarannsókn í september 2017, staðfesti hún að vegghleðslur spítalans eru í jörð á því svæði sem rannsakað var. Í beinu framhaldi voru fengnir þrír arkitektar til þess að gera frumtillögu um gerð minningarreits. Var sú ákvörðun tekin í samráði við Minjastofnun og Borgarsögusafn eftir viðræður, um hugsanlegar útfærslur á reitnum. Eftir að frumtillaga hafði verið gerð var hún kynnt fyrir málsaðilum og tekin ákvörðun um að vinna lokatillögu. Til þess var ráðinn Þráinn Hauksson, landlagsarkitekt, hjá arkitektastofunni Landslag. Þessi tillaga var lögð fram og kynnt á fundi með forstöðumanni og starfsmönnum Minjastofnunar, ásamt forstöðumanni Borgarsögusafns og garðyrkjustjóra þann 22. mars 2019. Tillagan var samþykkt og er gert ráð fyrir formlegu samþykki Minjastofnunar á næstu dögum. Tillagan er hér með send skipulags- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar til kynningar og með ósk um að hún verði samþykkt. Verði tillagan samþykkt er áformað að framkvæmdin eigi sér stað í lok maí og byrjun júní en minningareiturinn formlega opnaður 22. september 2019. En gerð reitsins er einn þáttur í að minnast 200 ára afmælis Oddfellowreglunnar, nú í ár.

Virðingarfyllst,

í umboði stjórnar Ob. Petrusar


Magnús Sædal Svavarsson, verkefnisstjóri

Meðfylgjandi í viðhengi:


Tillöguuppdrættir Landlags; stærð A3, þrjú blöð



Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi
 Tillaga að minningarreit
 Afstöðumynd

KVARDI-A3:	1:500	TEIKN NR:	
DAGS:	19.03.2019	HANNAÐ:	ph-gba
FLOKKUR:	0000	TEIKNAD:	gba
SKRÁ:	19010_Laugarnes-gm.dwg	VERKNR:	19010



















Hellulagt svæði,
Upplýsingaveggur og
setaðstaða

7.30
7.20
7.10
7.00
6.90

Flái
1:3-1:5

-  Núv. Rafmagnskassi
-  Núv. Sökkull
-  Núv. Gróður
-  Núv. Hleðsla
-  Núv. kóti
-  Úthagatorf
-  Sjávarmöl
-  Grassteinn
-  Óðalsteinn
-  Kantsteinn
-  Steypt þrep
-  Timurbekkur
-  Timburveggur



1:100

Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi
Tillaga að minningarreit
Grunnmynd

KVARDI-A3:	1:100	TEIKN NR:	
DAGS:	19.03.2019	HANNAÐ:	ph-gba
FLOKKUR:	0000	TEIKNAD:	gba
SKRÁ:	19010_Laugarnes-gm.dwg	VERKNR:	19010



7.19 x

7.25 x


Gata

7.29 x

Minjareitur

Skorið út
fyrir sökkli

7.34 x



Kennisnið 1:20

Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi

Tillaga að minningarreit

Kennisnið

KVARDI-A3:	1:20	TEIKN NR:	
DAGS:	19.03.2019	HANNAD:	ph-gba
FLOKKUR:	0000	TEIKNAD:	gba
SKRÁ:	19010_Laugarnes-gm.dwg	VERKNR:	19010

